

## FUNDARGERÐ

Aðalfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, þriðjudaginn

5. júlí 2016 kl: 11:00

Mættir: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Ómar Sigurðsson og Guðmundur Einarsson.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund.

Fundarstjóri var kjörinn Ágúst Ingi Ólafsson og fundarritari Guðmundur Einarsson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar og ársreikningar.  
Ágúst Ingi Ólafsson flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2015 og er hún fylgiskjal með fundargerð. Ársreikningur 2015 lagður fram: Rekstrartekjur ársins 2015 námu kr. 116.469.097 og hagnaður ársins nam kr. 20.575.002. Eigið fé í árslok nam kr. 90.307.966 og veltufé frá rekstri nam kr. 28.456.739. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.
2. Ákvörðun um gjaldskrá fyrir aðildarsveitarfélög. Framlögð gjaldskrá samþykkt.
3. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins, ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 7. gr. Engar tillögur um breytingar voru lagðar fram.
4. Kosning þriggja manna í framkvæmdastjórn og þriggja til vara.

Í stjórn voru kjörnir:  
Ágúst Ingi Ólafsson  
Egill Sigurðsson  
Sigfús Davíðsson

Í varastjórn voru kjörin:  
Ísólfur Gylfi Pálmason  
Brynja Jónasdóttir  
Ágúst Sigurðsson

5. Kosning löggilts endurskoðanda/endurskoðunarfélags.  
Samþykkt var að ráða Auðunn Guðjónsson hjá KPMG áfram til starfans.
6. Önnur mál.  
Stjórnin stefnir á að fara í ferð til Sauðárkróks til að kynna sér brennslu á sláturúrgangi. Ákveðið að taka tilboði frá Rangárþingi ytra um ljósleiðaratengingu á Strönd.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 12,00